

Í drögunum virðist vera opnað fyrir mismunandi meðferð byggingamála eftir byggingafulltrúaembættum í stað þess að staðla þessa meðferð betur og gera einsleitari. Í drögunum er t.d. allmikið af ákvæðum í þá veru að leyfisveitandi ákveður sjálfur fyrirkomulag eftirlits þannig að hann annast þetta sjálfur eins og verið hefur en ekki byggingarstjórinn. Það virðast ekki vera neinn rammi um þessar ákvarðanir. Kæruleiðir við þessum ákvörðunum leyfisveitanda eru óljósar. Hefðbundin kæruleið til Úrskurðarnefndarinnar er ekki raunhæf vegna þess hve afgreiðslufrestur nefndarinnar er langur.

Almennt er verið að bæta inn í reglugerðina ýmsum nýjum greinargerðum, áætlunum og þ.h. sem eykur á kostnað húsbyggjanda og það virðist vera leyfisveitanda í sjálfsvald sett hvaða kröfur hann gerir til þessara skjala.

Ennþá er haldið í gamla formið með áritun leyfisveitanda á pappírseintök af uppdráttum á byggingarstað en ekki horft til hagræðisins sem er af rafrænum gögnum á byggingarstaðnum.

Það þarf að gera betri greinarmun á stórum verkum og smærri, flækjustig framkvæmdar á mjög litlum verkum er alltaf að aukast, nú síðast í þessum drögum með auknum fjölda greinargerða og er óhóflegt.

## Drög

### REGLUGERÐ

#### um (8.) breytingu á byggingarreglugerð nr. 112/2012

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1.2.1. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna „aðal- og séruppdrátt“ í 19. tölul. kemur: aðaluppdrátt.
- b. Við bætast tveir nýir tölulíðir, svohljóðandi:

*Framkvæmdaáform:* Skrifleg áætlun um skil uppdrátt og verkframvindu.

*Stöðuskoðun:* Skoðun leyfisveitanda á stöðu framkvæmda og framvindu í samamburði við framlögð gögn og áfangaúttektir sem og eftirlit með því að byggingarstjóri framkvæmi áfangaúttektir í samræmi við skoðunarhandbækur.

- c. Á eftir orðinu „skýli,“ í 1. málslíð 51. tölul. kemur: vindmyllur,.

#### 2. gr.

1. málsl. 2. mgr. 2.3.1. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Fráveitumannvirki og dreifi- og flutningskerfi hitaveitna, vatnsveitna, rafveitna og fjarskipta og breytingar á slíkum mannvirkjum eru undanþegin byggingarleyfi.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 2.4.1. gr. reglugerðarinnar:

**Commented [GG1]:** Markmið með breytingunum á lögum um mannvirki í sumar var að lækka byggingarkostnað og einfalda stjórnýslu við mannvirkjagerð. Þessar breytingar ganga ekki allar taktfast í þá átt t.d. er verið að fjölga ýmsum greinargerðum/áætlunum/lýsingum,, sem leggja þarf fram og leyfirveitandi virðist geta ákveðið með hóflegum röksemdum að hafa eftirlitskerfið óbreytt á sínu svæði sbr. t.d. 6, 12 og 19 gr. þessara draga.

**Commented [GG2]:** Hér er verið að bæta við enn einni greinargerðinni sem hönnuðir þurfa að gera. Hver er gagnsemi þessarar nýju greinargerðar fyrir smáverk t.d. byggingu á bílskúr og viðurlög ef þessum áformum er ekki fylgt?

**Commented [GG3]:** Væntanlega nýr kostnaðarliður fyrir húsbyggjendur? Þar sem hér er verið að fyrirskrifa úttektir á úttektum byggingarstjóra.

- a. a-liður verður svohljóðandi: Framkvæmdaáform um skil séruppráttu, tilheyrandi deiliuppráttu og verkframvindu, þ.m.t. tilkynntar áfangaúttektir.
- b. Nýr staflíður, c-liður, bætist við, svohljóðandi og breytist töluröð annarra staflíða sem því nemur: Undirrituð yfirlýsing eiganda og byggingarstjóra um að framkvæmdir við einstaka verkþætti muni ekki hefjast fyrr en samþykktir upprættir af viðkomandi verkhluta liggja fyrir og viðeigandi iðnmeistarar hafi verið skráðir á verkið.
- c. Í stað orðsins „iðnmeistarar“ í c-lið, kemur: húsasmíðameistarar, múrarameistarar, pípulagningameistarar og rafvirkjameistarar.

**Commented [GG4]:** á að halda í það að byggingarfulltrúi samþykki upprætti? Þetta samþykki hefur ekkert gildi þegar kemur að ábyrgð á verkinu eða framkvæmdinni. Þessi áritun er t.d. ekki gæðaeftirlit með hönnun verka, það liggur annarsstaðar.

## 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2.4.4. gr. reglugerðarinnar:

- a. 2. tölul. 1. mgr. orðast svo: Aðalupprættir hafa verið yfirfarnir, framkvæmdaáformum skilað og leyfisveitandi hefur áritað upprætti til staðfestingar á samþykki.
- b. Í stað orðanna „þeirra iðnmeistarar“ í 4. tölul. 1. mgr. kemur: húsasmíðameistarar, múrarameistarar, pípulagningameistarar og rafvirkjameistarar.
- c. Á eftir 4. tölul. 1. mgr. kemur nýr töluliður, svohljóðandi: Byggingarstjóri og eigandi hafa undirritað og afhent yfirlýsingu um að framkvæmdir við einstaka verkþætti muni ekki hefjast fyrr en samþykktir upprættir af viðkomandi verkhluta liggja fyrir og viðeigandi iðnmeistarar hafi verið skráðir á verkið.
- d. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Áætlun um meðhöndlun byggingar- og niðurrifsúrgangs hefur verið skilað til leyfisveitanda sé um að ræða framkvæmd sem tilgreind er í 15.2.2. gr.
- e. Á eftir 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, 2. og 3. mgr., svohljóðandi:  
Sérupprætti og tilheyrandi greinargerðir skal yfirfara og upprættirnir áritaðir af leyfisveitanda til staðfestingar á samþykki áður en vinna við viðkomandi verkþátt hefst. Undirritaðar yfirlýsingar um ábyrgð annarra iðnmeistarar en þeirra sem tilgreindir eru í 4. tölul. 1. mgr. og nauðsynlegt er að komi að verkinu, sbr. 4.10.1. gr., skulu afhentar leyfisveitanda áður en vinna við viðkomandi verkþátt hefst. Ekki þarf þó að tilkynna um blikksmíðameistarar, stálvirkjameistarar, málarameistarar eða veggfóðrameistarar vegna byggingar íbúðarhúss, fristundahúss, bílskúrs eða viðhalds og viðbyggingar slíkra mannvirkja til eigin nota eiganda.

**Commented [GG5]:** hvert er gagnsemin á þessari áritun? sjá líka athugasemd við 3 gr. Hér er verið að halda í form pappírútgáfu teikninga og í reynd banna rafræn gögn (t.d. teikningar) á vinnustað – hvornig passar þetta við a. lið í 2 mgr. 2.4.1 gr. þar sem hafa má aðalupprætti og fl. á rafrænu formi.

**Commented [GG6]:** Er ekki nægjanlegt að þetta sé í 2.4.1 gr. ?

**Commented [GG7]:** Þessi áætlun er nú þegar í grein 15.2.2 er þörf á því að tvitaka þessa kröfu?

**Commented [GG8]:** marg komið áður. Á leyfisveitandi ekki að árita greinargerðirnar líka?

## 5. gr.

2.4.5. og 2.4.6. gr. reglugerðarinnar falla brott og breytist töluröð annarra greina sem því nemur.

## 6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2.8.1. gr. reglugerðarinnar:

- a. 2. mgr. orðast svo: Leyfisveitandi gerir stöðuskoðun á verki skv. 3.7.3. gr. og hefur þannig eftirlit með því að byggingarstjóri framkvæmi áfangaúttektir samkvæmt skoðunarhandbókum eða að úttektir sem skoðunarstofur annast fari fram. Leyfisveitandi getur ákveðið að annast sjálfur áfangaúttektir eða að skoðunarstofa annist áfangaúttektir sbr. 3. mgr. 3.7.1. gr. Leyfisveitandi beitir þvingunarúrræðum í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar ef fyrirmælum um úrbætur er ekki sinnt eða vanrækt er að láta lögbundna úttekt fara fram.
- b. Í stað orðsins „gátlistar“ í 4. mgr. kemur: skoðunarlistar.

**Commented [GG9]:** Af hverju á leyfisveitandi að ákveða þetta en ekki húsbyggjandi? A hvaða forsendum á þessi ákvörðun að byggjast? Getur húsbyggjandi ekki ákveðið að byggingastjórnin annist úttektirnar eða fái skoðunarstofu til þess.

## 7. gr.

Í stað orðanna „Fornleifaverndar ríkisins“ í 3.1.3. gr. reglugerðarinnar kemur: Minjastofnun Íslands.

## 8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3.2.1. gr. reglugerðarinnar:

- Í stað orðsins „úttektir“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: öryggis- og lokaúttektir.
- Í stað orðsins „úttekta“ í 2. mgr. kemur: öryggis- og lokaúttekta.

## 9. gr.

Í stað 1. málsl. 1. mgr. 3.3.1. gr. reglugerðarinnar koma tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Sveitarstjórn og Mannvirkjastofnun er heimilt að ákveða að skoðunarstofa annist yfirferð hönnunargagna og framkvæmd áfanga-, öryggis- og lokaúttekta. Slík skoðunarstofa skal hafa starfsleyfi Mannvirkjastofnunar.

## 10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3.4.1. gr. reglugerðarinnar:

- Í stað orðanna „þriggja ára“ í b-lið kemur: eins árs.
- í stað orðsins „sjö“ í c-lið kemur: fimm.

## 11. gr.

A eftir orðinu „Leyfisveitandi“ í 1. mgr. 3.5.1 gr. reglugerðarinnar kemur: byggingarstjóri.

## 12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3.7.1. gr. reglugerðarinnar:

- Á undan orðinu „eftirlitsaðili“ í 1. mgr. kemur: byggingarstjóri eða.
- Í stað 2. mgr. koma fimm nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Byggingarstjóri annast áfangaúttektir í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka og skoðunarlista í kjölfar tilkynningar viðeigandi iðnmeistarara um að verkþátturinn sé tilbúinn til úttektar.

Ef fram koma athugasemdir í stöðuskoðun leyfisveitanda getur hann ákveðið að hann sjálfur, eða eftir atvikum skoðunarstofa, annist áfangaúttektir skv. 2. mgr. Slík ákvörðun getur náð til allra áfangaúttekta vegna tiltekins mannvirkis eða einungis þeirra áfangaúttekta sem lenda í úrtaki í kjölfar tilkynningar byggingarstjóra um lok úttektarskylds verkþáttar. Úttekt eftirlitsaðila skal framkvæmd í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka og skoðunarlista og er heimilt að úttekt takmarkist hverju sinni við nánar skilgreint úrtak innan ákveðins verkþáttar. Niðurstöður áfangaúttekta skal skrá í gagnasafn Mannvirkjastofnunar.

Byggingarstjóri mannvirkis skal fyrir hönd eiganda þess sjá til þess að áfangaúttektir fari fram og tilkynna eftirlitsaðila um lok úttektarskyldra verkþátta og fyrirhugaðar áfangaúttektir með skráningu í gagnasafn Mannvirkjastofnunar. Í framkvæmdaáformum skal koma fram hvaða fyrirhuguðu áfangaúttektir byggingarstjóri tilkynnir til eftirlitsaðila. Leyfisveitandi getur hafnað framkvæmdaáformum ef hann telur fyrirhugaðar tilkynntar áfangaúttektir ekki nægjanlegar. Þá getur leyfisveitandi gert kröfu um að fleiri úttektir verði tilkynntar vegna flóknari mannvirkja eða á grundvelli fyrri frammistöðu byggingarstjóra. Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um tilkynntar áfangaúttektir.

Ef ákveðið hefur verið að áfangaúttektir séu gerðar af hálfu eftirlitsaðila skal byggingarstjóri óska eftir úttekt með minnst sólarhrings fyrirvara.

Byggingarstjóri skal skrá niðurstöður eigin áfangaúttekta í gagnasafn Mannvirkjastofnunar. Honum er skylt að vera viðstaddur allar áfangaúttektir. Ef sérstaklega stendur á, t.d. vegna veikinda, getur byggingarstjóri veitt aðila með starfsleyfi byggingarstjóra skýrt og afmarkað umboð til að mæta í eða annast tiltekna áfangaúttektir. Iðnmeistari eða sá sem hann tilnefnir í sinn stað skal vera viðstaddur úttekt á þeim verkþáttum sem eru á hans ábyrgðarsviði og undirrita úttekt nema um annað sé samið í samningi milli iðnmeistarara og eiganda.

2. málslíður 3. mgr. fellur brott.

**Commented [EP10]:** Af hverju má þessi ákverðun ekki vera á valdi húsbýggjanda ?

**Commented [GG11]:**

Ef ákveðið er að skoðunarstofa annist þetta tekur sú ákvörðun gildi strax eða þegar MVS og viðkomandi byggingarfulltrúaembætti eru bæði bún að auglýsa þetta á heimasíðu sinni?  
Eru öll byggingarfulltrúaembætti með virka heimasíðu?  
Nauðsynlegt er að breyta ákvæðum um skoðunarstofur frá því að vera krafa um faggildingu í að vera krafa um óháðan þriðja aðila sem starfi í samræmi við ÍST EN ISO/IEC 17020. Ekki er krafa um byggingarfulltrúi eða Mannvirkjastofnun séu með faggildingu til að vinna sömu verkefni.

**Commented [GG12]:** Enda þótt þetta eigi að vera grunnreglan þá virðist leyfisveitandi geta ákveðið upp á sitt einskæmi að annast úttektir sjálfur. Er sú ákvörðun keranleg eithvert t.d. til úrskurðarnefndarinnar – og hvað þá með málsræða þar? Væri í reynd óvirk ákvæði ef það væri hugmyndin.

**Commented [GG13]:** hér verða að vera einhver takmörkun á fjölda og alvarleika athugasemda. Leyfisveitandi getur með þessu ákvæði haldið áfram að gera allar áfangaúttektir eins og verið hefur.

**Commented [GG14]:** verður það tilbúið og fullprófað 1.1.2019 og opið fyrir skráningu allra 1800 skráðra byggingarstjóra? og verður MVS gert kleyft að ráða við að aðstoða þá við fyrstu skrefin í þessu? Ef þetta verður ekki tilbúið stöðvast þá allar úttektir, eða má færa þetta inn í gagnasafnið seinna ?

**Commented [GG15]:** Hver ákveður hér? Þekka kallar á óbreytt fyrirkomulag við eftirlit

**Commented [EP16]:** Er þetta ekki rafrænt ?

## 13. gr.

3.7.3. gr. reglugerðarinnar orðast svo, ásamt fyrirsögn:

*Stöðuskoðanir leyfisveitanda.*

Í samræmi við flokka í töflu B1 í þjóðarviðauka við ÍST EN 1990/2002/NA:2011 skal leyfisveitandi gera minnst:

- Eina stöðuskoðun á framkvæmdum sem falla undir flokk CC1 sem og sérþýlishúsum og frístundahúsum í flokki CC2.
- Fjórar stöðuskoðanir á öðrum framkvæmdum sem falla undir flokk CC2.
- Sex stöðuskoðanir á framkvæmdum sem falla undir flokk CC3.
- Tíu stöðuskoðanir á framkvæmdum sem falla undir flokk CC3 og (4) í lið B.4.

Leyfisveitandi getur gert stöðuskoðun í samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka hvenær sem er á meðan á framkvæmdum stendur.

**Commented [GG17]:** Þessir flokkar verða að koma fram á íslensku í reglugerðinni eða í viðauka við hana. Ekki gengur að hafa slík fyrirmæli um stjórnýslu í staðli á erlendu tungumáli. Þessar stöðuskoðanir auka byggingarkostnað því þetta er viðbót við úttektir byggingarstjóra. Yfirefirlit. Hvernig fellur þetta að grein 3.3.1?

## 14. gr.

1. málslíður 1. mgr. 3.7.4. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

**Commented [GG18]:** (Þarf að laga prentvillu í rafrænu útgáfu reglugerðarinnar á netinu hjá mvs.is – þar er nr. greinarinnar 3.74. gr og sama í efnisyfirliti)

## 15. gr.

Á eftir 2. málslíðu 1. mgr. 3.8.1. reglugerðarinnar kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Kröfur um aðgengi sem varða öryggisþætti skulu vera uppfylltar í samræmi við samþykktu uppdætti og ákvæði skoðunarhandbókar og skoðunarlista.

## 16. gr.

Nýr tölulíður, h-liður, bætist við 3.8.2. gr. reglugerðarinnar og verður svohljóðandi: Lýsing á ástandi þess hluta mannvirkis sem tekinn er í notkun, ástandi annarra hluta mannvirkisins og fyrirhugaðri starfsemi í mannvirkinu eða þeim hluta sem tekinn er í notkun.

**Commented [GG19]:** Ný greinangerð sem væntanlega eykur byggingarkostnað

## 17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 4.1.2. gr. reglugerðarinnar:

- Í stað orðsins „gæðakerfis“ í 5. málslíðu kemur „gæðastjórnarkerfis“.
- Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi: Hönnuðir skulu fara yfir eigin verk að þeim loknum og ganga úr skugga um að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt áður en hönnunargögn eru afhent leyfisveitanda til yfirferðar. Skrá skal niðurstöður innra eftirlits í gæðastjórnarkerfi hönnuðar og skal gátlisti eða önnur staðfesting á eigin yfirferð fylgja hönnunargögnunum skv. e- og f-lið 2. mgr. 4.6.1. gr.

## 18. gr.

Á undan orðinu „leyfisveitanda“ í 2. málslíðu 5. mgr. 4.4.1. gr. kemur: byggingarstjóra eða.

## 19. gr.

7. mgr. 4.7.7. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Byggingarstjóri skal gera eftirlitsaðila viðvart um lok þeirra úttektarskyldu verkþátta sem eru tilgreindir í framkvæmdaáætlun með skráningu í gagnasafn Mannvirkjastofnunar. Byggingarstjóri annast sjálfur framkvæmd áfangauttekta nema leyfisveitandi ákveði að annast áfangauttekt sjálfur eða tilkynni um úrtaksskoðun og skal byggingarstjóri þá vera viðstaddur úttektina. Hann skal jafnframt tilkynna viðeigandi iðnmeisturum og hönnuðum með sannanlegum hætti um allar úttektir nema samningur þeirra á milli kveði á um annað.

**Commented [GG20]:** Ef byggingarstjóri er eftirlitsaðili tilkynnir hann þá sjálfum sér um þetta?

## 20. gr.

Í stað orðanna „varðveita eitt eintak úttektarinnar“ í 1. málslíðu 3. mgr. 4.7.8. gr. reglugerðarinnar kemur: skrá úttektina í gagnasafn Mannvirkjastofnunar.

24. Eftirlitsaðili: Sá sem annast eftirlit skv. reglugerð þessari, þ.m.t. yfirferð hönnunargagna og framkvæmd úttekta. Eftirlitsaðilar skv. reglugerð þessari geta verið byggingarfulltrúar og starfsmenn þeirra, starfsmenn skoðunarstofa, starfsmenn Mannvirkjastofnunar og aðrir þeir aðilar sem annast eftirlit fyrir hönd Mannvirkjastofnunar. Þessa skilgreiningu í 1.2.1 gr. þarf að laga m.t.t. þess að byggingarstjóri gerir úttektir.

**Commented [GG21]:** hvaða röksemdir þarf leyfisveitandi að færa fyrir þessari ákvörðun og eru einhverjar fljótvirkar kæruleiðir á þessari ákvörðun?

## 21. gr.

E-liður 1. mgr. 4.8.1. gr. orðast svo: skrá yfir iðnmeistara og þá verkþætti sem þeir bera ábyrgð á, afrit af ábyrgðaryfirlýsingum þeirra sem og athugasemdir við störf þeirra.

## 22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4.10.1. gr. reglugerðarinnar:

## a. 1. mgr. verður svohljóðandi:

Byggingarstjóri skal í gæðastjórnunarkerfi sínu halda skrá yfir alla iðnmeistara sem koma að verkum sem hann stýrir og varðveita afrit af undirrituðum ábyrgðaryfirlýsingum þeirra. Ábyrgðaryfirlýsingar iðnmeistara skal skrá í gagnasafn Mannvirkjastofnunar. Skrá skal eftir umfangi mannvirkjagerðarinnar og eðli hennar þá húsasmíðameistara, múrarmeistara, pípulagningameistara, rafvirkjameistara, blikksmíðameistara, stálvirkjameistara, málarmeistara og veggfóðrameistara sem tekið hafa að sér að bera ábyrgð á einstökum verkþáttum framkvæmdar og nauðsynlegt er að komi að viðkomandi verki.

## b. Í stað orðsins „undirritað“ í 2. málslíð 2. mgr. kemur: undirrituð.

## 23. gr.

Á eftir b-lið 1. mgr. 4.10.2. gr. reglugerðarinnar kemur nýr stafliður, c-liður, svohljóðandi: Afrit af ábyrgðaryfirlýsingum þeirra.

## 24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4.10.3. gr. reglugerðarinnar:

## a. Í stað orðanna „tilkynna það leyfisveitanda“ í 1. mgr. kemur: skrá það í gagnasafn Mannvirkjastofnunar.

b. Í stað orðanna „hún staðfest af leyfisveitanda“ í 2. mgr. kemur: skráð hana í gæðastjórnunarkerfi byggingarstjóra og gagnasafn Mannvirkjastofnunar. **Jafnframt skal ábyrgðaryfirlýsingin send leyfisveitanda.**

## c. Í stað orðanna „afhent leyfisveitanda til varðveislu og skal byggingarstjóri einnig varðveita eitt eintak“ í 3. mgr. kemur: skráð í gæðastjórnunarkerfi byggingarstjóra og gagnasafn Mannvirkjastofnunar.

**Commented [GG22]:** Er ekki nægjanlegt að skrá/skanna þetta inn í gagnasafnið?

## 25. gr.

Við 6.1.5. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, svohljóðandi: **Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.**

**Commented [GG23]:** Þetta ætti að vera almennt ákvæði á einum stað í upphafi rgl. þannig að þessar leiðbeiningar séu gefnar út eftir þörfum

## 26. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6.2.4. gr. reglugerðarinnar:

## a. Í stað orðsins „heyfihamlaðra“ í 2. málslíð 4. mgr. kemur: hreyfihamlaðra.

## b. Við 7. bætast eftirfarandi málslíðir: Á þéttingarreitum miðsvæða samkvæmt skipulagi er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að bílastæði fyrir hreyfihamlaða liggi að lóð en þá skal gætt sérstaklega að fjarlægðarmörkum að aðalinngangi samkvæmt 1. mgr. og athafnasvæði samkvæmt 4. mgr. Þetta er þó aðeins heimilt sé ekki unnt að koma slíkum bílastæðum fyrir á lóð byggingar. Slík bílastæði skulu vera sérmerkt viðkomandi lóð eða starfsemi og lóð.

## c. Við 8. mgr. bætast eftirfarandi málslíðir: Á þéttingarreitum miðsvæða samkvæmt skipulagi er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að bílastæði fyrir hreyfihamlaða liggi að lóð en þá skal gætt sérstaklega að fjarlægðarmörkum að aðalinngangi samkvæmt 1. mgr. og athafnasvæði samkvæmt 4. mgr. Þetta er þó aðeins heimilt sé ekki unnt að koma slíkum bílastæðum fyrir á lóð byggingar. Slík bílastæði skulu vera sérmerkt viðkomandi lóð eða starfsemi og lóð.

## d. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Sé bílastæði hreyfihamlaðra staðsett utan lóðar skal liggja fyrir samkomulag milli lóðarhafa og sveitarstjórnar um afnotarétt af slíkum bílastæðum auk þess sem þau skulu vera sérmerkt viðkomandi lóð eða starfsemi og lóð.

Þar sem eru hleðslustöðvar fyrir rafbíla við bílastæði hreyfihamlaðra skal aðgengi að þeim vera gott og hindrunarlaust.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6.8.1. gr. reglugerðarinnar:

- a. Við 6. mgr. bætist eftirfarandi málslíður og tafla: Lágmarksfjöldi slíkra stæða skal vera samkvæmt töflu 6.05 og miðast við heildarfjölda stæða við byggingu. Þá skal gera ráð fyrir tengibúnaði vegna hleðslu rafbíla við slík stæði.

**Tafla 6.05 Lágmarksfjöldi bílastæða þar sem hleðsla rafbíla er möguleg fyrir byggingar til annara nota en íbúðar.**

Heildarfjöldi stæða við byggingu	Lágmarksfjöldi stæða þar sem hleðsla rafbíla er möguleg
1 – 5	1
6 – 10	2
11 – 15	3
16 – 20	4

Síðan skal bæta við að lágmarki einu stæði þar sem hleðsla rafbíla er möguleg fyrir hver 5 stæði.

28. gr.

Við bætist ný grein er verður að 12.1.3. gr. og er svohljóðandi ásamt fyrirsögn:

*Merkingar vegna flugumferðaröryggis*

Kröfur um merkingar á há mannvirki vegna flugumferðaröryggis, þ.á m. vindmyllur, er að finna í lögum nr. 60/1998 um loftferðir og reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna.

29. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða í reglugerðinni:

- a. 2. tölul. verður svohljóðandi: Mannvirkjastofnun og byggingarfulltrúar hafa frest til 1. janúar 2021 til að afla sér faggildingar til að yfirfara aðal- og séruppdrætti og annast úttektir í samræmi við ákvæði 3.2. kafla.
- b. 3., 4. og 5. tölul. falla brott.

**Commented [EP24]:** Af hverju fá ekki skoðunarstofur sama frest? Óeðlilegt er að tveir af þremur úttektaraðilum þurfi ekki þessa faggildinguna. (Kallar á lagabreytingu)

30. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka II með reglugerðinni:

- a. Orðin „við framkvæmd eigin úttekta“ í 2. málslíð 1.1. gr. falla brott.
- b. 5. málslíður 1. mgr. 1.3. gr. fellur brott.
- c. 4. málslíður 2. mgr. 1.5. gr. fellur brott.
- d. 2. málslíður 3. mgr. 1.5. gr. orðast svo: Þar kemur einnig fram heimild leyfisveitanda til loka- eða öryggisúttektar og þau samskipti sem byggja á gátorðum. Önnur samskipti koma fram í byggingargátt.
- e. Við 4. mgr. 1.5. gr. bætist: „aук iðnmeistara og byggingarstjóra þegar við á.“
- f. Á eftir orðunum „skoðunarmaður við“ í 3. málslíð 2. mgr. 2.2. gr. kemur: byggingarreglugerð.

**Commented [GG25]:** Þetta orð kemur hvergi fyrir í lögum um mannvirki né í byggingarreglugerð, þyrfti að fá einhverja festu umfram textann á heimasíðu MVS?

- g. 2. mgr. 1. tölul. 2.3.2. gr. verður svohljóðandi: Lagfæringar á uppdráttum skulu hafa verið gerðar áður en framkvæmd við viðkomandi verkþátt hefst og skoðunarskýrsla liggur fyrir því til staðfestingar. Ef um er að ræða breytingu á uppdráttum þar sem byggingarleyfi liggur fyrir en framkvæmdum er ekki lokið skal leiðréttum uppdráttum skilað áður en framkvæmd viðkomandi verkþáttar hefst og skoðunarskýrsla liggur fyrir því til staðfestingar.
- h. 2. mgr. 2. tölul. 2.3.2. gr. verður svohljóðandi: Lagfæringar á uppdráttum skulu hafa verið gerðar áður en framkvæmd við viðkomandi verkþátt hefst og skoðunarskýrsla liggur fyrir því til staðfestingar. Ef um er að ræða breytingu á uppdráttum þar sem byggingarleyfi liggur fyrir en framkvæmdum er ekki lokið skal leiðréttum uppdráttum skilað áður en framkvæmd viðkomandi verkþáttar hefst og skoðunarskýrsla liggur fyrir því til staðfestingar. Ítrekaðar athugasemdir í flokki 2 leiða til úttektar á gæðastjórnunarkerfi.
- i. 2. mgr. 3. tölul. 2.3.2. gr. verður svohljóðandi: Lagfæringar á uppdráttum skulu hafa verið gerðar áður en framkvæmd við viðkomandi verkþátt hefst og skoðunarskýrsla liggur fyrir því til staðfestingar. Ef um er að ræða breytingu á uppdráttum þar sem byggingarleyfi liggur fyrir en framkvæmdum er ekki lokið skal leiðréttum uppdráttum skilað áður en framkvæmd viðkomandi verkþáttar hefst og skoðunarskýrsla liggur fyrir því til staðfestingar.
- j. Í stað orðanna „byggingarstjóri“ í 1. málslíð 2. mgr. 3.2. gr. kemur: iðnmeistari.
- k. 3. mgr. 3.2. gr. verður svohljóðandi: Þegar gert er ráð fyrir mælingu í skoðunarlista skoðunarhandbókar eða þegar skoðunarmaður telur vafa leika á að mæling sé rétt framkvæmd er honum heimilt að gera kröfu um sérstaka mælingu, sem framkvæmd er af viðkomandi iðnmeistara eða aðila sem hann tilnefnir, að skoðunarmanni viðstöddum.
- l. Í stað orðsins „byggingarstjóra“ í 1. málslíð 1. tölul. 3.3. gr. kemur: iðnmeistara. Orðin „strax eða við lokaúttekt“ í sama málslíð falla brott.
- m. 2. tölul. 3.3. gr. verður svohljóðandi: Athugasemd í flokki 2 leiðir til synjunar úttektar. Frekari framkvæmdir eru óheimilar þar til úttekt hefur verið endurtekin án athugasemda. Ítrekaðar athugasemdir í flokki 2 leiða til úttektar á gæðastjórnunarkerfi viðkomandi iðnmeistara.
- n. 3. tölul. 3.3. gr. verður svohljóðandi: Athugasemd í flokki 3 leiðir til synjunar úttektar og kröfu um endurtekningu úttektar. Slíku mati fylgir stöðluð skýring. Frekari framkvæmdir eru óheimilar þar til úttekt hefur verið endurtekin án athugasemda. Komi fram alvarleg athugasemd getur Mannvirkjastofnun látið gera úttekt á stöðu og virkni gæðastjórnunarkerfis hlutaðeigandi iðnmeistara samkvæmt því sem nánar greinir í verklagsreglum Mannvirkjastofnunar. Ítrekuð alvarleg brot geta leitt til sviptingar löggildingar í samræmi við verklagsreglur Mannvirkjastofnunar.
- o. Fyrirsögn 3.4. gr. verður svohljóðandi: Skilmálar vegna úrtaksskoðunar leyfisveitanda
- p. 3.5. gr. fellur brott.
- q. 1. mgr. 4.2. gr. verður svohljóðandi: Tilgangur öryggisúttektar er að kanna hvort mannvirki, eða sá hluti mannvirkis sem tekinn er í notkun, uppfylli öryggis- og hollustukröfur vegna fyrirhugaðrar notkunar og hvort að kröfur um aðgengi sem varða öryggisþætti séu uppfylltar í samræmi við samþykta uppdrætti og ákvæði skoðunarhandbókar og skoðunarlista.
- r. Í stað orðsins „gæðakerfi“ í 4. málslíð 1. mgr. 2. tölul. 4.3. gr. kemur: gæðastjórnunarkerfi.
- s. Í stað orðsins „gæðakerfi“ í 4. málslíð 1. mgr. 2. tölul. 5.3. gr. kemur: gæðastjórnunarkerfi.
- t. Við bætist 6. kafli, sem verður svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

## 6. Framkvæmd stöðuskoðunar leyfisveitanda.

### 6.1. Skoðunarlistar stöðuskoðunar leyfisveitanda.

Við framkvæmd stöðuskoðunar leyfisveitanda skal stuðst við skoðunarlista sem birtur er á vefsíðu Mannvirkjastofnunar.

### 6.2. Verklag við stöðuskoðun.

Tilgangur stöðuskoðunar er að kanna hvort áfangaúttektir og verkstaða séu í samræmi við fyrirliggjandi gögn og skráningar í gagnasafni Mannvirkjastofnunar, s.s. samþykktu upprætti og skráningu iðnmeistara á viðkomandi verkþátt. Einnig að kanna hvort byggingarstjóri framkvæmi áfangaúttektir í samræmi við skoðunarhandbækur.

Stöðuskoðun er sjónskoðun.

### 6.3. Flokkun athugasemda vegna stöðuskoðunar og réttaráhrif.

#### 3. flokkur: Alvarleg athugasemd.

Athugasemd í flokki 3 heimilar leyfisveitanda að taka yfir áfangaúttektir. Slíku mati fylgir stöðluð skýring. Frekari framkvæmdir eru óheimilar þar til úttekt hefur verið endurtekin án athugasemda. Komi fram alvarleg athugasemd getur Mannvirkjastofnun látið gera úttekt á stöðu og virkni gæðastjórnunarkerfis hlutaðeigandi byggingarstjóra verksins samkvæmt því sem nánar greinir í verklagsreglum Mannvirkjastofnunar. Ítrekuð alvarleg brot geta leitt til sviptingar löggildingar eða starfsleyfis í samræmi við verklagsreglur Mannvirkjastofnunar.

31. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 1. mgr. 60. laga nr. 160/2010 um mannvirki, öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, X. XXX 2018.*

**Commented [GG26]:** Nú eru skoðunarlistarnir eingöngu birtir á pdf-formi sem gerir notkun þeirra sem vinnugagna mjög erfiða. Aðgengi að rafrænu gagnasafni Mannvirkjastofnunar er ekki virkt á heimasíðu stofnunarinnar.

**Commented [EP27]:** Hefur verið birtur skoðunarlisti og stöðrit fyrir stöðuskoðanir ?

**Commented [EP28]:** Kæruleið stjórnsluákvörðunar ?

**Commented [EP29]:** Hefur verið birtur skoðunarlisti þar sem þessi staðlaða skýring er ?

**Commented [EP30]:** Er þetta á öllu verkinu eða viðkomandi verkþætti ?